

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/1999

frá 5. nóvember 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XX. viðauka
(Umhverfis mál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/98 frá 30. október 1998⁽²⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/28/EB frá 21. apríl 1999 um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988)⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Með tilliti til efnis tilskipunar ráðsins 92/14/EB⁽⁴⁾ er rétt að skrá hana í XIII. viðauka fremur en í XX. viðauka við samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 109.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 53.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 21.

1. gr.

Kafli „VI. HÁVAÐI“, ásamt ákvæðum, í XX. viðauka við samninginn falli niður.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 66d (tilskipun ráðsins 94/56/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„66e. **392 L 0014**: Tilskipun ráðsins 92/14/EBE frá 2. mars 1992 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) (Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 21), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 168, 23.6.1992, bls. 30, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0020**: Tilskipun ráðsins 98/20/EB frá 30. mars 1998 (Stjtið. EB L 107, 7.4.1998, bls. 4),
- **399 L 0028**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/28/EB frá 21. apríl 1999 (Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 53).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/28/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 5. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner